



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Eyvindarstofu á Blönduósi 21. mars 2019 kl. 14:00.

Sigurlína J. Jóhannesdóttir formaður setti fundinn og tilnefndi Jón Gíslaon frá Hofi fundarstjóra og Helgu S. Bergsdóttur ritara,
Jón tók við fundarstjórn og kynnti dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar 2018
3. Tillögur
4. Kosningar
5. Umræður
6. Önnur mál
7. Erindi -,Hlynur Gauti, Valgerður og Bergsveinn.

1. Formaður, Sigurlína Jóhannesdóttir kynnti skýrslu stjórnar.

Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var á Þórisstöðum á Svarlbarðsströnd voru Sigurlína Jóhanna Jóhannesdóttir Snartarstöðum 2 og Baldvin Haraldsson Stóru-Hámundarstöðum endurkosin í stjórn. Aðrir í stjórn eru: Sigrún H. Þorsteinsdóttir Flugumýrarhvammi varaformaður, Birgir Steingrímsson Litluströnd gjaldkeri, Helga Bergsdóttir Sauðárkróki ritari.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, auk þess vorum við í tölvu og símasambandi eftir þörfum. Við tókum virkan þátt í starfsemi Landssamtaka skógareigenda líkt og áður. Við vorum 4 úr stjórn sem fórum á LSE fundinn sem var á Hellu í október 2018.

Nefndarstörf á vegum félagsins:

Guðmundur Helgi Gunnarsson var skipaður í viðarnýtinganefnd, til að kanna áhuga kísilmálmverksmiðjunnar á Bakka á kaup á trjáviði. Auk hans sitja í nefndinni Rúnar Ísleifsson skógarvörður á Vöglum frá Skógræktinni og Ingólfur Jóhannsson frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga. Anna Ragnarsdóttur sat í nefnd á vegum LSE um jólatrjáaráæktun. Sú nefnd hefur skilað af sér og er niðurstaðan þessi:

Tillaga frá starfshópi um jólatrjáaráækt, um aukna áherslu á jólatrjáaráæktun meðal skógarbænda.

„Starfshópur um jólatrjáaráækt og sölu á íslenskum jólatrjám“ hvetur stjórn Landssamtaka skógareigenda að vinna að því með Umhverfissráðherra og Skógræktinni að sett verði á fót tímabundið 10 ára verkefni í jólatrjáaráækt með það að markmiði að fullnægja innlendri eftirspurn. Veittur verði 50 % styrkur fyrir kostnaði vegna plöntukaupa. Skógræktin sjái um faglega ráðgjöf, áætlunargerð, rannsóknir og utanumhald.

Umfang verkefnisins aukist stig af stigi og nái 50 þús. plöntum innan 5 ára.

Á 10 árum tækist þannig að gera íslenska jólatrjáaráækt sjálfbæra með 150 milljónum kr. heildarstuðningi og u.þ.b. 50% kostnaðarþáttöku ræktendanna sjálfra.

Formaður sat tvo formannafundi og auk þess er sá siður komin á að samráðsfundir eru tvisvar á ári hjá Skógræktinni, LSE og formönnum aðildarfélaga og er reynt að stíla þessum fundum á sömu ferð suður.

Sigrún Þorsteinsdóttir og Sigurlína Jóhannesdóttir sátu fagráðstefnu „Fræðflun og trjákyrbætur“ sem haldinn var á Akureyri.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Í stjórn LSE fyrir hönd félagsins er Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir Flugumýrarhvammi.

Við tókum virkan þátt í Skógardegnum á Vöglum, þann 23 júní og steiktum þar lummur ofaní gesti og gangandi úr 30 lítrum af deigi.

Við stóðum fyrir skógarskoðun á Hróarstöðum í Fnjóskadal 16. ágúst, þar sem húsráðendur Kristján og Agnes, leiddu okkur um skóginn sinn og gestir fengu síðan ketilkaffi og kleinur á eftir.

Við gáfum út fréttabréfið „Björkina“ einu sinni á árinu, sem send var félagsmönnum.

Helga Þórðardóttir Mælifellsá í Skagafirði situr nú í ritnefnd fyrir félagið, en sá háttur er hafður á útgáfu efnis, að greinar eru birtar með skipulögðum hætti í Bændablaðinu, í stað þess að gefa út sérblaðið „Við skógareigendur“.

Landsfundur LSE verður haldinn hér á Norðurlandi í haust, nánar tiltekið dagana 11. og 12. október, í Kjarnalundi á Akureyri, en við höfum nú þegar hafið undirbúning að honum.

Að lokum vil ég þakka samstarfið við Skógræktina á árinu, lánið á fundaraðstöðu í gömlu Gróðrarstöðinni, einn stjórnarfundur var haldinn í starfsmannahúsinu á Vöglum og þá nutum við veitinga úr garði Valgerðar fræmeistara. Auk þess vil ég sérstaklega þakka Valgerði fyrir að vera talsmaður okkar, sitja með okkur á stjórnarfundum, gefa út og skrifa Björkina og aðstoða okkur á allan þann hátt sem við þörfnumst.

2. Reikningar félagsins.

Birgir Steingrímsson gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og kynnti þá.

Tekjur ársins voru 1.010.000 kr. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði var ársins 45.471 kr.

Handbært fé í árslok var 1.022.567 kr.

Nokkur umræða var um kostnað við auglýsingar aðalfundar, en fundurinn var auglýstur í Sjónhorni sem dreift er um Skagafjörð og Húnavatnssýslur, auglýstur í úrvarpi á miðvikudegi og sendur var tölvupóstur til þeirra sem félagið hefur upplýsingar um.

Frankvæmdastjóri LSE kannar hjá forsvarsmönnum Bændablaðsins um hver kostnaður við auglýsingar væri hjá þeim.

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Tillögur.

Árgjöld: Lagt er til að árgjald verði óbreytt frá síðasta ári.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi, haldinn í Eyvindarstofu á Blönduósi, 21. mars 2019, samþykkir að árgjald verði 7.000 kr á jörð, 2.000 kr á félagsmann og 4.000 kr á samrekstraraðila (gr.6 í lögnum). Samþykkt samhljóða.

4. Kosningar.

Úr stjórn gengur Helga S Bergsdóttir ritari og gefur hún ekki kost á sér áfram.

Tillag kom fram um Laufeyu Leifsdóttir Stóru-Gröf Syðri í Skagafirði. Samþykkt með lófaklappi.

Aðrir í stjórn félagsins eru Sigurlína Jóhannsdóttir, Sigrún Þorsteinsdóttir, Birgir Steingrímsson og Baldur Haraldsson.

Tveir í varastjórn til eins árs.

Núna eru í varastjórn: Fyrsti varam. Anna Árnína Stefánsdóttir Steinhólum 2, annar varam. Soffía Björgvinsdóttir Garði og þriðji er Leifur Guðmundsson Klauf. Stungið var upp á þeim áfram og samþykkt með lófaklappi.

Tveir skoðunarmenn reikninga.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Nú eru: Ketill Tryggvason Hallgilsstöðum og Kristján I Jóhannesson Hróarsstöðum og var það einnig samþykkt með lófaklappi. Stungið var upp á Davíð Herbertssyni og Páli Ingvarssyni sem varamönnum og var það samþykkt.

5. Umræður.

Umræður voru teknar undir lið 2 og síðar undir önnur mál.

6. Önnur mál.

- Möguleikar á sölu skógarafurða til PC á Bakka á Húsavík. Samkvæmt upplýsingar sem nefndin hafði aflað sér er ekki komið að viðskiptum við PC á Bakka að sinni.
- Grisjun, lítil áhersla lögð á grisjun hjá Skógræktinni, en fjármunir frekar lagðir í gróðursetninguna, en aðkallandi er að fá fjarmagn til grisjunar svo skógarnir tapi ekki verðmætum sínum. Teymi á Austfjörðum sem vinnur að grisjunarmálum
- Nýjar girðingarreglur ræddar, það virðist vera óskýrt hvernig túlka megi þær með tilliti til endri samninga.
- Plöntuúthlutun í vor. Bergsveinn upplýsti að óskað hafi verið eftir um 650 þús. plöntum en um 600 þús. séu til skiptanna.
- Fram kom á fundinum að útgáfa „ Bjarkarinnar „ væri tímaskekkja og besta leiðin að ná til félagsmanna væri í gegnum tölvu.

7. Erindi.

Hlynur Gauti Sigurðsson framkvæmdastjóri LSE fór yfir tillögur sem unnið var með á aðalfundi LSE síðasta haust.

Bergsveinn Þórssón flutti erindi um skógrækt á lögbylum og framtíðarhorfur í skógrækt. Valgerður átti ekki heimangengt.

Fleira ekki gert og fundi slitið um 16:30
Fundargerð ritaði Helga Sigurrós Bergsdóttir